



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um nýtt fyrirkomulag heimaþjónustu

Á fundi velferðarráð þann 31. ágúst 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins hefur fengið ábendingar frá fólki sem telur hið nýja fyrirkomulag heimaþjónustu ekki vera nógu gott. Breytingin fólst í því að meta átti meira hvað þjónustubeginn getur gert sjálfur og hvað hann þarf nauðsynlega aðstoð við. Spurning er hvort þetta hafi gengið of langt? Nú hafa borist ábendingar um að þjónustubegum er ætlað að gera meira en þeir hafa getu til. Hér er um fína línu að ræða og hlýtur það alltaf að verða að byggjast á færni og getu hvers þjónustubega hvað hann treystir sér til að gera og hvað ekki. Annað vandamál með heimaþjónustuna er að heimsóknir eru of handahófskenndar. Sífellt eru heimsóknir að falla niður ýmist vegna veikinda starfsfólks eða veikinda barna starfsfólks. Við þessu þarf velferðarsvið að bregðast. Dæmi eru um að þjónustan hafi ekki verið veitt frá því í júlí. Heimsóknir eru iðulega afboðaðar kannski rétt áður en þær hefjast og líða jafnvel 2-3 vikur milli heimsókna. Það virðist sem alvarlegir brestir séu í þessari þjónustu og kallar Flokkur fólksins eftir tafarlausri skoðun á henni.

Svar:

Nýjar reglur um stuðningsþjónustu tóku gildi þann 1. febrúar 2022 og innleiðing stendur yfir. Ef líkamleg, andleg og félagsleg líðan og/eða færni er með þeim hætti að notendur samkvæmt mati eru með mjög mikla stuðningsþörf fá þeir daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning. Sé heilsufar með þeim hætti að þeir eru metnir með mikla stuðningsþörf fá þeir leiðbeiningar, þjálfun, stuðning og eftirlit við athafnir daglegs líf og heimilishald að minnsta kosti einu sinni í viku. Ef notendur eru sjálfbjarga og hafa væga þörf fyrir stuðning getur aðstoðin verið veitt í formi leiðbeininga, þjálfunar og stuðnings við heimilishald svo sem við almenn heimilisþrif einu til tvisvar sinnum í mánuði.

Það er í gegnum samtal starfsmanns og notanda sem ákvarðanir um hvernig þjónustunni verður háttað eru teknar, þ.e. hvað notandi geta gert sjálfur og hvað hann þarf nauðsynlega aðstoð við. Þeir sem ekki eru færir um að gera ákveðna hluti fá aðstoð með þá.

Við forgangsroðun er ætíð tekið mið af heilsufari notenda og vinnulag og umfang stuðnings er í samræmi við það. Séð er til þess að þeir sem eru í mestri þörf og þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð við athafnir daglegs lífs fái ætíð þá þjónustu sem þeir þurfa. Það getur hinsvegar gerst í einstaka tilfellum að breyta þurfi skipulagi hjá þeim sem hafa væga þörf fyrir stuðning, s.s.



Reykjavíkurborg

almenn þrif einu sinni til tvisvar í mánuði, þ.e. á álagstímum. Þá er notendum boðinn nýr tími eins fljótt og auðið er og starfsfólk reynir að fremsta megni að sjá til þess að notendur verði fyrir sem minnstum óþægindum ef þrif falla niður.